78

			Kr.	a.
	Fluttar		1390	18
4.	Til hitunar		122	73
5.	Til áhalda og viðgjörða		221	85
6.	Til kand. Hallgríms Melsteðs fyrir aðstoð við útlán		120	»
7.	Brunabótagjald fyrir safnið		99	74
8.	Ýmisleg útgjöld		17	60
9.	Til jafnaðar móti 4. tekjulið		430	»
10.	Eptirstöðvar:			
	a. konungleg uppsegjanleg skuldabrjef	3250 »		
	b. innritunarskírteini Ltr. G. Fol. 120	2800 »		
	c. í sjóði hjá gjaldkera	603 5	6653	5
		Gjöld alls	9055	15

Stiptsyfirvöldin yfir Íslandi, Reykjavík 31. marz 1885.

Magnús Stephensen *P. Pjetursson.*
settur.

79 24. ágúst. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um ágrip af gjaldabókum yfir útflutningsgjald.** — Í þóknanlegu brjefi 28. jan. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, spurst fyrir um það, hvort hálfsmisseris ágrip þau, af gjaldabókum yfir útflutningsgjald af fiski lýsi o. fl. sem fyrirskipuð eru í reglugjörð 6. júlí 1882, eigi ekki að sæta sömu kjörum og útskriptir af tollgjaldabókum þeim og almennum gjaldabókum, sem fyrirskipuð eru í 11. og 12. gr. reglugjörðar 13. febr. 1873, þannig að þau beri einnig að senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja.

Út af þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar að þó að það sje ekki berum orðum tekið fram í ofannefndri reglugjörð 6. júlí 1882, virðist bezt við eiga, eptirlitsins vegna, að ágripin af gjaldabókunum yfir útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. sjeu einsog aðrir gjaldabókarútdrættir sendir amtmanni áleiðis til landshöfðingja.

80 29. ágúst. **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lán til kirkjubyggingar.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Holti í Önundarfirði og meðmælum hinna heiðruðu stiptsyfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu í gær, vil jeg hjermeð veita Holtsprestakalli í Önundarfirði 700 kr. lán úr viðlagasjóði til endurbyggingar kirkjunni að Stað í Súgandafirði, gegn því að lán þetta, auk 4% vaxta, verði endurborgað af tekjum Holtsprestakalls með 100 kr. á ári í 7 ár.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

81 29. ágúst. **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um lán til byggingar alþýðuskólahúss.** — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu og samþykki yðar, herra amtmaður, fyrir amtsráðsins hönd, vil jeg hjermeð